

Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka

Nýr kjarasamningur

Nýr kjarasamningur var samþykktur í liðinni viku sem tryggir félagsmönnum sem starfa á almenna markaðnum 6,2% afturvirka launahækkun frá áramótum, þó að lámarki 15.000 krónur. Eldri samningur gerði ráð fyrir 5,5% launaþróunartryggingu og hækkun taxa að lámarki 15.000 krónur frá 1. maí nk.

Samningurinn tryggir jafnframt viðbætur við áður umsamdar hækkanir árána 2017 og 2018.

Samningurinn nær ekki til þeirra félagsmanna sem starfa eftir sér-samningum félagsins, sjómanna, né þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum.

Með samningnum náðist jafnframt fram krafan um jöfnun líf-

eyrisréttinda sem lengi hefur verið á borðinu. Þetta er því fyrsta skrefið í átt að jöfnun lífeyrisréttinda milli almanna markaðarins og þess opinbera. Mótframlag atvinnurekenda hækkar í áföngum úr 8% í 11,5% á árunum 2016-2018 og kemur fyrsti áfangi til framkvæmda í júlí á þessu ári, um 0,5%, og 1,5% í júlí 2017 og 1,5% í júlí 2018. Þetta þýðir að þeir launamenn sem eru að hefja starfsævina geta vænst þess að þeim verði tryggð 76% af meðaltali ævitekna úr lífeyrissjóði í stað þeirra 56% sem tryggð hafa verið fram til þessa. Örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli eða um 36%.

Fram undan eru viðræður við þá vinnuveitendur sem eru með sér-samninga við félagið.

Nýjar íbúðir á Akureyri

AFL hefur gert tilboð í fjórar íbúðir á Akureyri til að endurnýja orlofsíbúðir félagsins þar. Um leið yrðu þrjár íbúðir félagsins þar seldar. Íbúðirnar sem AFL hefur verið að skoða eru í nýju húsi við Ásatún og stefnt er að því að kaupa einn stigagang – þ.e. fjórar íbúðir.

Ef kaupin takast verður allur húsbúnaður endurnýjaður – íbúðirnar tengdar við aðgangskerfi félagsins og samið við þrifafyrirtæki um þrif á milli leigutaka.

Netkosningar - lýðræði fyrir alla

Síðustu misseri hefur krafa um aukid íbúalýðræði farið hátt og heill stjórnmalaflokkur varð til um kröfuna um opið og gegnsætt stjórnkerfi þar sem málum væri ráðið til lykta með netkosningum. Nú á síðustu dögum lauk kosningu þar sem 75.000 manns voru að kjósa um kjarasamning til næstu 3ja ára.

Kjörsókn var 14% - sem er vægast sagt dapurlegt. Aðeins tæp 10.000 manns sáu ástæðu til að verja um einni mínútu fyrir framan tölvuna og nýta atkvæðisrétt sinn.

AFL Starfsgreinafélag hefur náð 40-60% kjörsókn síðustu ár í hefðbundinni póstatkvæðagreiðslu.



Íðnaðarmenn að störfum í austfirsku vetrarvæðri. Mynd: GG



„Jafn beiskir og ósigrnir hafa verið þessi hundrad ár eru sigrnir sætir.“ Frá kröfugöngu á vegum ASÍ. Mynd: GG

Og þar fundu þau frelsið

Það er hætt við því að fæstir núlifandi geri sér grein fyrir því að íslenskur almúgi var í raun ánaudugur þar til 1894 – þ.e. að bændur og yfirvöld héldu um það bil fjórðungi þjóðarinnar í ánaud – ævilöngum þrældómi án nokkurrar vonar um betri tíð og fátæklingar voru dæmdir til einlífis án möguleika á lífsförunaut og afkomendum. Þegar fátækasta fólkinu hafði verið slitit út við vinnu var það sett á hreppinn og hraktist á milli bæja sem niðursetningar. Svo dó það úr vanhirdu, eitt og yfirgefið, hrætt og umkomulaust og enginn minnst þeirra síðar.

Almúgi um heim allan bjó við þessi skilyrði, eini munurinn var sá að Ísland var lengst af áratugum og árhundraðum á eftir öðrum þjóðum hvað varðaði þróun atvinnulífs og samfélags. Og með refsiglöðum sýslumönnum og prestastétt, sem dansaði vangadans við hið veraldlega vald, var alþýðufólki haldið hjartökum í fátækt og fáfræði, eynd og vesaldómi löngu eftir að alþýðufólk í nágrannalöndum hóf að brjóta hlekkina.

Leiðin til nútímalífsgeða – hversu misskipt sem þau eru – hefur ekki verið bein og breið. Ekki teppalögð með mjúkum flosteppum. Við getum ímyndað okkur unga konu einhvers staðar í uppsveitum á Austurlandi fyrir 150 árum. Fátæk fæddist hún og fátæk mun hún deyja. Hún ræður sér ekki sjálf, húsbóndi hennar getur bannað henni að fara frá bænum og getur tuktað hana, jafnvel barið, ef honum sýnist svo. Hún gæti hæglega

verið langamma einhvers af glæsillega íþróttafólkinu okkar í dag. En hún á ekkert og fær ekki laun utan nauðþurftir.

Hún verður að hafa sveitafestu þannig að hún getur ekki farið hvert sem hún vill. Hún má ekki fara úr hreppnum nema með skriflegu leyfi prestsins eða hreppstjórans. Þeir eru á höttum eftir vinnuaflum sem ekki má kosta svo auðvitað leyfa þeir henni ekki að fara neitt. Hún á sig ekki sjálf. Hún er hjú, þeir eru húsbændur.

Kannski varð hún ástfangin af ungum manni og kannski áttu þau barn saman. Og hafi húsbóndi hennar verið góður maður fékk hún að hafa barnið hjá sér. En barneignir öreiga voru ekki vel séðar svo líklegast var barnið tekið og komið fyrir sem sveitarómaga einhvers staðar – hjá þeim sem best bauð. Þar beidd barnsins svo vinnuþrælkun og vanhirda.

Unga manninn hitti hún þegar hann var tiltækur, þegar hann hafði ekki verið sendur á sjó; ánaudugur reri hann á áraskipum, fátækur og illa búinn og húsbóndinn hirti hlutinn hans. Sjálfur fékk hann sín vinnumannslaun en hásetahlutinn hirti húsbóndinn. Þannig urðu menn efnadir.

Frjálsir þrælur

1894 var vistarbandinu aflétt, þau réðu sér sjálf. Þau áttu ekkert en voru uppnumin af frelsinu. Þeim fannst lífið loks réttlátt, þau gátu komið og farið og gátu ráðið sig í vinnu þar sem þau vildu. Þau fluttu á mölina,

til Neskaupstaðar, Vopnafjarðar eða til þessara útróðra- og verslunarstaða sem eflust til muna við aukid framboð á vinnuaflum og aukna verslun. Þar fundu þau frelsið – að geta ráðið sér sjálf.

En það var skammvinnu hamingja. Nokkrum árum síðar voru ungu hjónin – uppgefin og slitin – í kofahreysi með moldargólfi. Gamalmenni fyrir aldur fram. Konan búin á líkama og sál af því að vaska fisk úti í öllum veðrum og af því að jarða börnin sín hvert á fætur öðru. Börnin sem dóu úr umgangspæstum en mest af lélegri næringu og slæmu húsnæði: Af fátækt. Hann hokinn og lúinn af þrældómi á opnum skipum undir ógnarsvipu atvinnuleysis og umkomuleysis.

Samstöðuleysið var algert – ef einn möglaði og var rekinn var alltaf annar tilbúinn til að taka plássid. Börnin voru jú svöng og það þurfti að afla matar. Þannig verða menn frjálsir þrælur.

Barist á bryggjum

En það voru menn og konur sem ekki sættu sig við þetta ástand og vindar félagshyggju tóku að gæla við vinnulúna vanga. Menn fóru að tala sig saman – lágum rómi undir gaffli. Erlendis var fólk víst að taka sig saman í félög – og stóð uppi í hárinu á yfirvaldinu. Og stóðu saman. Hér reyndu yfirvöld að stoppa þessa ósvinnu; banna verkalyðsfélög og koma böndum á óeirðarseggi. Lögreglu var sigað á verkfallsmenn og það var barist á bryggjum víða um land.

Það reyndust alltaf einhverjir almúgamenn tilbúinir að slást við meðbræður sína í vonum mola af borði auðmanna. Brauðmolahagfræðin er ekkert ný.

Á Seyðisfirði stofnuðu menn verkalyðsfélag en það var brotið á bak aftur. Forvígismenn voru sveltir til hlýðni. Þeir fengu ekki vinnu. Félagið leystist upp. En það var geymt en ekki gleymt. Þeir komu aftur og stofnuðu sterkara félag. Loks 1916 voru komin félög víðast hvar um landið og það voru sjómannafélög og verkamannafélög og iðnaðarmannafélög og þá varð Alþýðusambandið til.

Baráttan alltaf verið umdeild

Síðustu hundrad árin hefur Alþýðusamband Íslands alltaf verið umdeilt – alltaf átt óvildarfólk og alltaf hefur verið reynt að auka á sundrunu innan þess. En á þessum sömu árum hefur Alþýðusambandið alltaf verið í fararbroddi í öllum málum er snerta velferð almennings. Barist fyrir launum, fyrir uppsagnarfresti, atvinnuleysisbótum, veikindarétti, veikindalaunum, orlofi, fæðingarorlofi, bættri menntun alþýðufólks og ekki síst fyrir mannsæmandi húsnæði fyrir launafólk.

Allt þetta hefur sætt ámæli og alltaf hafa auðstéttirnar með leigupennum sínum beitt sér harkalega gegn Alþýðusambandinu og forystufólki þess, það hefur sætt hvers kyns rógi og illmælgri enda er baráttan hörð, hagsmunirnir miklir. Það eru engin

geimvísindi að skilja að eftir því sem hagar launafólks batnar og réttindi aukast verða færri krónur eftir til að deila út í ofsagróða auðstéttanna.

Mögulega finnst núlifandi afkomenda hjónanna sem áður er minnst á Alþýðusambandið eða AFL Starfsgreinafélag vera glötuð fyrirbæri, gamaldags og nánast óþarfi. Kannski gerir hann/hún sér ekki grein fyrir að langafabroðirinn var útilokaður frá vinnu árum saman og lifði á samstöðu annarra órsnaudra – og bara af því hann stóð upp fyrir rétti sínum. Mögulega vita þau ekki að fjarskyld frænka fór í fararbroddi kvenna í Hafnarfirði sem kröfðust yfirvinnukaups um helgar – en það fengu konur ekki í þá tíð.

Þau vita ekki að fjölskyldan missti allt sitt á fyrriparti síðustu aldar þegar fjölskyldufaðirinn slasaðist við vinnu

og var þá bara settur í land án launa og án trygginga. Fjölskyldan stóð bjargarlaus eftir og hraktist úr lélegu húsnæði í enn lélegra. Þeim er mögulega ekki kunnugt um að afabroðir þeirra var dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir þátttöku í Borðeyrardeilunni svokölluðu þar sem verkamenn börðust við lögreglu og hvítliðasveit sem sett var lögreglu til aðstoðar.

Allt þetta gerði fólk í nafni verkalyðsbaráttu – í nafni Alþýðusambandsins. Og það gerði það til að brjóta hlekkina og til að standa jafnréttihátt og semja um eigin kjör og kaup en láta ekki kúsa sig eins og leiguliða og ánauduga þræla. Baráttan var ekki þrautalaus.

Enn er sótt að alþýðufólki

Jafn beiskir og ósigrarnir hafa verið þessi hundrað ár eru sigrarnir sætir –

það voru hamingjustundir hjá órsnaudu fólki sem flutti úr kjallaraholum þar sem skolpið lék um gólfín á flóði, þar sem rottur skutust milli barna að leik og í nýjar og glæsilegar íbúðir verkamannabústaða. Og það voru stoltir verkamenn sem buðu fjölskyldum sínum í nýju sumarhús verkalyðsfélaganna á Einarstöðum, Illugastöðum eða Ölfuborgum. Sumarfrí og orlof og sumarhús – þetta var alveg nýtt hugtak fyrir almúgann.

Því miður er það svo að það sér ekki fyrir endann á verkefnum. Enn er hart sótt að alþýðufólki, húsnæðismál þarfnast tafarlausra úrlausna, heilbrigðisþjónustan er á hraðferð í einkarekstur þar sem fjárráð hinna veiku munu ráða meðferð og aftur er þrælalald og slæm meðferð á fólki komin á dagskrá. Auðvaldið – ótíndir kennitölflakkarar og efnahagsglæpa-

menn – láta einskis ófreistað til að komast yfir skjóttfenginn gróða og ef það þýðir að ræna fólk frelsinu þá gera þeir það. Ef það þýðir að brjóta á bak aftur áratuga réttindabaráttu íslensks launafólks – þá freista þeir þess.

En kannski er mikilvægasti árangur verkalyðsbaráttunnar sá að við stöndum ekki ein. Mögulega var eitt þeirra tuga dómsmála sem AFL hefur háð á liðnum árum vegna eins afkomanda fátæku konunnar úr uppsveitum. Kannski sóttum við veikindaréttinn hans með dómi eða uppsagnarfrestinn hennar. Kannski voru það slysabætur eða jafnréttismál. Með samtakamættinum höfum við tekið svipu atvinnu- og umkomuleysis af húsbóndanum. Það á enginn að vera umkomulaus sem er í stéttarfélagi. Þar á enginn að standa einn í sinni baráttu.

Salb.

AFL styður aðgerðir í Straumsvík



AFL styður aðgerðir hafnarstarfsmanna í Straumsvík.

AFL Starfsgreinafélag fordæmir verkfallsbrot yfirmanna Ísal í Straumsvík sem gengu í síðustu viku í störf hafnarverkamanna í löglega boðuðu verkfalli þeirra. AFL bendir á staðið hefur yfir allsherjaratkvæðagreiðsla um sátt á vinnumarkaði til næstu 2ja ára og framkoma yfirmanna Ísal í yfirstandandi kjaradeilu setur samningaviðræður um framtíðarskipan vinnumarkaðar í uppnám. AFL skorar á stjórn Samtaka atvinnulífsins að fordæma framkomu Ísal og yfirmanna fyrirtækisins.

Framtíðarsátt á vinnumarkaði getur ekki orðið með þeim hætti að verkalyðsfélag skuldbindi félagsmenn sína með kjarasamningum á meðan aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins taka sér sjálfðæmi um það hvort þau virði þá samninga.

Kjaradeilan er orðin langvinn og því þarf ekki að undra þótt gripid sé til aðgerða til að þrýsta á um kjarabætur. Framkoma Rio Tinto og forsvarsmanna þess í samningaviðræðum við stéttarfélagin er fyrirtækinu til háborinnar skammar og steininn tekur úr við aðgerðir þess í morgun. Við getum ekki unað því að alþjóðleg stórfyrirtæki hámarki hagnað sinn á kostnað íslensks launafólks þvert á kjarasamninga. Útvistun verkefna er eitt helsta verkfæri stórfyrirtækja til félagslegra undirboða og gegn því þarf að berjast af fullri hörku.

AFL Starfsgreinafélag lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu starfsmanna í Straumsvík og rétti þeirra fyrir því að gerðir verði við þá kjarasamningar eins og íslensk lög gera ráð fyrir.



AFL gætti réttinda erlends verkafólks á uppbyggingartíma stóriðu eystra.

Félagsleg undirboð meiða alla

Síðustu dagana hafa fréttir um mansal og misnotkun á erlendu verkafólki verið áberandi. Fyrir okkur á Austurlandi eru þetta ekki nýjar fréttir en á uppbyggingartímanum í kringum Kárahnjúka og framkvæmdir á fjörðunum var allt reynt til að hlunnfara launafólk – og þá sérstaklega erlent verkafólk.

Félagsleg undirboð – sem er samheiti yfir allt það sem gert er til að komast upp með að greiða óeðlilega lág laun eða svindla á launafólki með öðrum hætti – bitna á okkur öllum.

Ef launagreiðendur komast upp með að greiða fólki undir taxa, láta

það vinna óeðlilega langan vinnudag eða á annan hátt hafa af því réttindin, minnkar hvati fyrirtækja til að fara eftir samningum. Hætt er við að launafólki á hærri töxtum verði sagt upp og vinnunni útvistað til kennitölflakkara og gerviverktaka sem byggja á innfluttu verkafólki sem ekki þekkir rétt sinn.

Kostnaðurinn lendir síðan á samfélaginu öllu því þetta launafólk er oftast ekki tryggt, greiðir ekki opinber gjöld og er jafnvel ekki til í kerfinu. Þegar sækja á svo rétt þess er kennitölflakkarinn svo kominn með nýja kennitölu.



100 ÁRA

Tónleikar og hátíðardagskrá 12. mars

Í tilefni af aldarafmæli Alþýðusambands Íslands bjóðum við Íslendingum til tónleikaveislu á fjórum stöðum á landinu á afmælisdaginn, laugardaginn 12. mars:

Neskaupstaður: Tónleikar í Egilsbúð kl. 20.00

ÚLFUR ÚLFUR LAY LOW BJARTMAR

Aðgangur **ókeypis** - tryggðu þér miða á **tix.is**